Vefsíðan www.skog.is



Morgunblaðið/Kristinn

Skógrækt Það getur verið huggulegt að fara í skógarferð.

Áhugaverðir útivistarskógar

Skógræktarfélag Íslands heldur úti vefsíðunni Skog.is. Ein af nýjungunum á síðunni er skógarkortið Rjóður í kynnum en það er leiðarvísir um skóga landsins. Var það gefið út í tilefni af alþjóðlegu ári skóga árið 2011.

Í kortinu er að finna upplýsingar um fimmtíu áhugaverða útivistarskóga um land allt. Megintilgangur þess er að vekja athygli landsmanna á skógunum og hvetja þá til að staldra þar við og eiga ánægjulegar stundir í skjóli trjáa. Á kortinu má sjá staðsetningu reitanna og einnig er stutt lýsing á hverjum og einum reit ásamt upplýsingum um aðstöðu/þjónustu á staðnum og GPS-hnit sem auðveldar fólki að finna þá.

Kortið má nálgast endurgjaldslaust í útibúum Arion banka, upplýsingamiðstöðvum ferðamála, garðplöntusölum og víða. Einnig má hlaða því niður af vefsíðunni.

Skannaðu kóðann til að fara inn á vefsíðuna.

mbl.is

Endilega ...

... gangið á Þorbjörn

Í kvöld, laugardagskvöldið 25. júní, bjóða Bláa lónið og Grindavíkurbær upp á árlega Jónsmessugöngu. Gangan hefst við Sundlaug Grindavíkur kl. 20.30. Gengið verður á fjallið Þorbjörn. Hreimur Örn Heimisson og Vignir Snær Vigfússon úr Vinum Sjonna leika tónlist við varðeld á fjallinu. Að því loknu heldur dagskráin áfram til miðnættis í Bláa lóninu.

Kynnisferðir verða með sætaferðir til Grindavíkur frá BSÍ kl. 19.30 og SBK frá Reykjanesbæ kl. 20. Sætaferðir frá Bláa lóninu verða til Grindavíkur kl. 00.30 og Reykjanesbæjar og Reykjavíkur kl. 01.00.



Gítarspil Hreimur og Vignir leika fyrir þá sem komast á toppinn.

Bleikur og blesóttur, glaseygur og glófextur

Íslenski hesturinn er einstakur að mörgu leyti. Það eru ekki aðeins gangtegundirnar fimm sem gera hann sérstakan heldur eru litbrigði hans mjög fjölbreytt. Bergljót Rist fjallar um liti íslenska hestsins á Kjarvalsstöðum á morgun. Hún hefur ekki áhyggjur af því að litafjölbreytnin muni tapast úr stofninum og vill að íslenski hesturinn verði settur á hærri stall í menningarsögulegu samhengi.

Ingveldur Geirsdóttir
ingveldur@mbl.is

„Ég kem þarna inn sem hestamanneskja og leiðsögumaður og verð með létta leiðsögn í gegnum sýninguna um hestalitina. Ég mun fjalla um litina og set íslenska hestinn á þann stall sem hann á skilið að vera á," segir Bergljót Rist um leiðsögnina sem hún verður með á sýningunni Jór! – Hestar í íslenskri myndlist á Kjarvalsstöðum kl. 15 á morgun, sunnudag. Á sýningunni er varpað ljósi á hvernig hesturinn hefur birst íslenskum listamönnum í eina öld.

En hvaða stall vill Bergljót setja íslenska hestinn á? „Ég vil horfa á þetta í samhengi. Þegar við tölum um íslenska hestinn má gjarnan tala um tungumálið líka og íslenska náttúru en þetta er allt nátengt. Hesturinn hefur hjálpað okkur að varðveita tungumálið á marga vegu og þannig gert okkur að þjóð. Hann hjálpaði okkur t.d. að komast yfir erfiða fjallvegi og jökulár og þannig komumst við á milli héraða. Nöfnin á hestalitunum eru svo náttúrutengd. Hesturinn hefur líka verið notaður mikið í skáldskap og listum. Ég kem þarna inn sem leikmaður og tengi þetta saman."

Safnaði vetrarhárum

Bergljót rekur hestaleiguna Íslenski hesturinn sem er sú eina sinnar tegundar í Reykjavík. Hún hefur sem von er mikinn áhuga á litbrigðum íslenska hestsins.

„Þegar Listasafn Reykjavíkur kom á leit við mig í vetur var ég á fullu að kemba hestum og safna vetrarhár-



Hestakonan Bergljót Rist talar um hestaliti á Kjarvalsstöðum á morgun.



Morgunblaðið/Eyþór

Frá landsmóti Það verður forvitnilegt að sjá hvaða hestalitir raða sér í efstu sætin á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum í ár.